

Fimmtudaginn 17. september 1992.

Nr. 346/1992. **Stjórn og skilanefnd Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda**

gegn

**Lífeyrissjóði bænda.**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Félög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili kærði 13. ágúst sl. úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur um, að bú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda (S.Í.M.) skyldi tekið til gjaldþrotaskipta, en hann hafði verið kveðinn upp 30. júní. Kveðst lögmaður sóknaraðila ekki hafa fengið vitneskju um úrskurðinn, fyrr en innköllun til lánardrottna birtist 31. júlí. Um kæruheimild er vísað til 2. mgr. 191. gr., sbr. 179. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sbr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þess er krafist, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, og einnig er krafist kærumálskostnaðar. Kæra þessi er nægilega snemma fram komin.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er þannig:

„Bú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, kt. 651185-0339, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskipta.“

Samkvæmt skjölum málsins voru Sölusamtök íslenskra matjurtaframleiðenda skráð í firmaskrá í Reykjavík 10. mars 1986. Nafngreindir sex menn voru í tilkynningu sagðir stofnendur með ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum samtakanna. Félagssamningur var sagður dagsettur 25. nóvember 1985, skattaðild var sögð sjálfstæð, fjórir stjórnarmenn voru sagðir rita firmað sameiginlega, en prókúruhafar tveir nafngreindir menn.

Í samþykktum samtakanna, sem lagðar eru fram í málinu, segir í 2. gr. meðal annars þetta um tilgang þeirra:

„S.Í.M. selur afurðir félagsmanna sinna og annast sölu á hvers konar öðrum framleiðsluvörum félagsmanna, þeirra er þess óska ...

S.Í.M. skulu starfa sem almenn hagsmunasamtök matjurtaframleiðenda og gæta réttar félagsmanna sinna í hvívetna.

S.Í.M. er heimilt að eiga hús og aðra muni fyrir starfsemi sína, og jafnframt er samtökunum heimilt að annast innflutning og vörusölu.

Enn fremur er S.Í.M. heimilt í sambandi við matjurtasöluna að reka aðra starfsemi, er dregið getur úr rekstarkostnaði samtakanna og verið til hagsbóta fyrir félagsmenn.“

Í 3. gr. samþykktanna segir meðal annars:

„Félagsmenn geta allir orðið, sem rækta matjurtir og framleiða skyldar afurðir...“

Í 6. gr. samþykktanna segir, að halda skuli eftir nokkrum hluta af andvirði seldra matjurta til að standa undir rekstarkostnaði samtakanna. Fari um það eftir nánari reglum, sem stjórnin setji.

Í 7. gr. eru reglur um ábyrgð félagsmanna á eigin framleiðslu. Þá segir, að annað ófyrirséð tjón samtakanna skuli greitt af félagsmönnum í hlutfalli við framleiðsluverðmæti þeirra matjurta, sem þeir hafa falið samtökunum að selja.

Í 8. gr. segir, að 1/2% af framleiðendaverði renni í séreignasjóð, sem teljist lán til samtakanna.

Í 9. gr. segir, að aðalfundir og aukafundir fari með æðsta vald í málefnum samtakanna. Skv. 10. gr. skal stjórn kosin á aðalfundi. Skv. 11. gr. hefur hver félagsmaður eitt atkvæði á fundum.

Í 14. gr. segir, m.a.:

„Allir samningar, er stjórnin eða framkvæmdastjórar gera fyrir hönd S.Í.M. samkv. lögum þessum, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan féлага ...“

Í 17. gr. segir, að samþykktunum megi breyta með 2/3 hlutum atkvæða á aðalfundi.

Um úrsögn segir í 18. gr.:

„Hver félagi á rétt á að segja sig úr S.Í.M., enda tilkynni hann það stjórninni skriflega fyrir 1. mars, og miðast úrsögnin við lok ársins. Þó er enginn félagsmaður laus við skuldbindingar sínar við S.Í.M., fyrr en birgðir yfirstandandi reikningsárs eru seldar og reikningsskilum lokið...“

Í kærú Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns 13. ágúst 1992 segir meðal annars:

„Hinn 4. desember 1989 var síðasti aðalfundur samtakanna haldinn og þar ákveðið, þar sem gjaldþrotaúrræðið var ekki tækt, að kjósa þriggja manna skilaneftnd fyrir samtökin, og kaus fundurinn af sinni hálfu í nefndina Árna Vilhjálmsson hrl. og Guðjón Eyjólfsson, löggiltan endurskoðanda, en landbúnaðarráðuneytið tilnefndi Guðmund Sigþórsson skrifstofustjóra. Í samþykkt fundarins var tekið fram, að skilaneftndin ætti að leysa stjórnina frá störfum og freista þess að slíta samtökunum. Ekki var unnt að tilkynna þessa skipan til firmaskrár eða í Lögbirtingablað, þar sem hér var verið að gera tilraun til þess að skipta eignum samtakanna með frjálsum samningum við lánardrottna.“

Í kærú segir, að hún sé á því reist, að skv. 3. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 verði sameignarfélög aðeins tekin til skipta ásamt búum eigenda. Samtökin, sem hér sé fjallað um, séu hvorki hluta- né samvinnufélag eftir lögum nr. 32/1978 eða 46/1937. Verði því að líta svo á, að sölusamtökin séu sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð 204 matjurtaframleiðenda og af þeim sökum ekki skilyrði til að úrskurða þau gjaldþrota.

Af hálfu varnaraðila hefur Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður sent greinargerð, þar sem segir m.a., að samþykktir S.Í.M. beri ekki ótvírætt með sér, að félagsmenn beri ótakmarkaða ábyrgð, og því sé ekki um sameignarfélag að ræða í skilningi 3. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978. Beri að taka bú félagsins til gjaldþrotaskipta eftir síðari málslið þessa töluliðar.

Fallast verður á það með lögmanni varnaraðila, að samþykktir sóknaraðila kveði ekki ótvírætt á um persónulega ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum samtakanna. Slík ábyrgð verður ekki byggð á þeirri tilkynningu til firmaskrár, sem fyrr er lýst, enda er því ekki haldið fram í málinu. Hún verður ekki heldur leidd af laga-reglum. Af þessum ástæðum er rétt að taka bú sóknaraðila til gjaldþrotaskipta.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í kærú-málskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, stjórn og skilanevnd Sölusambands íslenskra matjurtaframleiðenda, greiði varnaraðila, Lífeyrissjóði bænda, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

---